

undir ákvæði 6. mgr. 17. gr. laga nr. 75/1921 um skjöl þau, sem undanþegin eru stimpilgjaldi. Verður stefnda því gert að endurgreiða stefnanda stimpilgjald það, sem henni var gert að greiða af yfirlýsingunni, kr. 2.480.00, og hún innti af hendi með fyrirvara, með vöxtum, eins og krafizt er.

Eftir þessum úrslitum verður stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 3.000.00.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Ingibjörgu Magnúsdóttur, kr. 2.480.00 með 7% ársvöxtum frá 15. nóvember 1963 til 1. janúar 1965 og með 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 3.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 19. desember 1967.

Málið nr. 189/1967. M

gegn
K.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frávisun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 14. nóvember 1967. Barst málið Hæstarétti 28. s. m. Krefst sóknaraðili þess, að úrskurður héraðsdóms verði úr gildi felldur, eiðvinning verði eigi látin fram fara og varnaraðilja dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara staðfestingar úrskurðar héraðsdóms. Þá krefst hún og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Dómur Hæstaréttar hinn 16. júní 1967 var fullnaðardómur um sakarefnið. Ber því að vísa kærumálinu frá Hæstarétti og dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 3.000.00.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, M, greiði varnaraðilja, K, kr. 3.000.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 31. október 1967.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 26. þ. m., hefur K, . . . , Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með eiðstefnu, birtri 18. september 1967, gegn M, . . . , Kópavogi, til þess að vinna fyllingareidd samkvæmt dómi Hæstaréttar í málinu nr. 42/1966: M gegn K og gagnsök, uppkveðnum 16. júní 1967.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Hinn 28. janúar 1966 var á bæjarþingi Reykjavíkur af Gunnlaugi Briem sakadómara kveðinn upp dómur í barnsfaðernismálinu nr. 1/1966: K gegn M. Dómur þessi hljóðar svo að loknum upphafsorðum:

„Sóknaraðili í máli þessu, K, sem er ógift, til heimilis að . . . hér í borg, fædd 17. marz 1944, ól 11. okt. 1961 sveinbarn, sem í skírninni hlaut nafnið X. Föður að barni þessu hefur hún lýst M bifreiðarstjóra, . . . hér í borg, fæddan 4. okt. 1939, en hann hefur ekki viljað við faðerni barnsins kannast, og hefur sóknaraðili því höfðað þetta mál gegn honum. Hefur hún krafizt þess fyrir dómi, að hann verði dæmdur faðir barnsins, til að greiða meðlag með því frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs, fæðingarstyrk til sóknaraðilja og tryggingariðgjöld hennar fyrir árið 1961, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði. Til vara krefst hún fyllingareids. Þá krefst hún málskostnaðar að mati dómsins.

Varnaraðili, M, hefur krafizt þess fyrir dómi, að hann verði sýknaður af kröfum sóknaraðilja, en til vara, að honum verði dæmdur synjunareidur. Málskostnaðar kvaðst varnaraðili ekki krefjast, er hann mætti í dómi, en í greinargerð hefur talsmaður varnaraðilja krafizt þess, að hvernig sem málið fari, þ. e. hvort sem aðalkrafa eða varakrafa varnaraðilja verði tekin til greina, verði varnaraðilja tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi

sóknaraðilja, þar á meðal hæfileg málflutningslaun til talsmannsins.

Sóknaraðili höfðaði barnsfaðernismál upphaflega út af framangreindu barni fyrir bæjarþingi Siglufjarðar í árslok 1962. Lýsti hún þá H flugmann, . . . , Kópavogi, föður að barninu. Krafðist hún þess, að gegn honum yrði höfðað barnsfaðernismál og hann yrði dæmdur faðir barnsins, en til vara, að henni yrði dæmdur fyllingareiddur. Í hvoru tveggja tilfellinu krafðist hún málskostnaðar að skaðlausu. Sóknaraðili óskaði ekki eftir að tjá sig um samband sitt við H, unz niðurstöður blóðrannsóknað lægju fyrir. Við blóðrannsókn kom í ljós, að H gat ekki verið faðir að barni sóknaraðilja, og kvaðst hún þá að betur athuguðu máli óska eftir því, að málið yrði hafið.

Sóknaraðili hefur skýrt svo frá fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, að hún hafi upphaflega talið, að H væri faðir að barni hennar og stæði það því á fæðingarvottorði þess.

Sóknaraðili kveðst hafa kynnt varnaraðilja, M, í október eða nóvember 1959. Höfðu þau frá þeim tíma oftsinnis samfarir, unz upp úr kunningsskap þeirra slitnaði í apríl 1961, en þá var sóknaraðili orðin ófrísk að barni því, sem mál þetta er risið af. Sóknaraðili kveður þau varnaraðilja iðulega hafa haft samfarir á getnaðartíma barnsins og hafi aldrei verið gerðar neinar ráðstafanir af þeirra hálfu til að hindra getnað. Sóknaraðili kveður samfarirnar yfirleitt alltaf hafa farið fram á heimili varnaraðilja að . . . Seint í desember 1960 kveðst sóknaraðili hafa haft samfarir við H í húsi einu hér í borginni að afstöðnum dansleik, og voru ekki gerðar neinar ráðstafanir til að hindra, að hún yrði ófrísk. Sóknaraðili kveðst hafa talið, að H gæti verið faðir að barni hennar, en hann útilokaðist frá faðerninu við blóðrannsókn, eins og áður greinir. Sóknaraðili kveðst síðast hafa haft á klæðum, áður en hún varð ófrísk, einhvern tíma í desember 1960, en hvaða dag það var, man hún ekki. Hún kveðst ávallt hafa haft reglulegar tíðir. Sóknaraðili staðhæfir, að hún hafi ekki haft samfarir við aðra karlmenn á framangreindum tíma en þá varnaraðilja og H.

Sóknaraðili kveður varnaraðilja hafa viðurkennt fyrir sér að vera faðir að barni hennar, en tekið jafnframt fram, að hann mundi aldrei viðurkenna það fyrir opinberum aðiljum. Varnaraðili hefur tvisvar heimsótt sóknaraðilja til að sjá barn hennar, og í síðara skiptið fór hann með það út með sér. Að öðru leyti hefur hann ekki skipt sér af barninu. Sóknaraðili skýrir frá því, að er varnaraðili var búinn að neita algerlega að gangast við

barni hennar, hafi hún farið út í það að benda fyrst á H til að ganga úr skugga um, hvort hann gæti verið faðir þess.

Varnaraðili, M, kveður það vel geta verið rétt, að hann hafi kynnt sóknaraðilja í október eða nóvember 1959 hér í borginni. Tókst með þeim kunningsskapur, er hélzt þar til í september eða október 1960. Á þessu tímabili höfðu þau samfarir annað slagið, unz upp úr kunningsskap þeirra slitnaði. Samfarirnar fóru fram stundum í herbergi, sem varnaraðili hafði við Snorrabraut, en annars á hinum og þessum stöðum. Voru ekki gerðar neinar ráðstafanir til að hindra, að sóknaraðili yrði ófrísk. Varnaraðili kveður sóknaraðilja ekki hafa tjáð sér, að hann væri faðir að barni hennar, fyrr en vorið 1964. Varnaraðili kveður hafa slitnað upp úr kunningsskap þeirra sóknaraðilja í síðasta lagi í október 1960 og hafi þau ekki haft samfarir eftir það. Varnaraðili kveðst ekki geta bent á neinn mann, er hafi haft samfarir við sóknaraðilja á getnaðartíma barnsins, að undanskildu því, að hann kveðst hafa frétt, að hún hafi verið í barnsfaðernismáli við H.

Vitnið S, sem er kunningjakona sóknaraðilja, kveður hana hafa verið í fæði hjá sér veturinn 1960—1961 og einnig sofið um tíma heima hjá sér þennan vetur. Vitnið kannast við varnaraðilja, M, og kveður hann hafa komið iðulega í heimsókn til sóknaraðilja umræddan vetur, en eingöngu á næturnar. Barði hann þá upp á hjá henni, og vakaði vitnið iðulega við hávaðann. Vitnið kveður sóknaraðilja alltaf hafa farið fram og opnað fyrir varnaraðilja, en síðan farið á brott með honum.

Vitnið varð ekki vart við það, að neinn annar en varnaraðili væri í kunningsskap við sóknaraðilja þennan vetur. Vitnið sá varnaraðilja í tvö skipti, þegar hann kom í næturheimsóknir sínar. Var það örugglega í janúar í annað skiptið eða jafnvel bæði. Vitnið er öruggt um það, að kunningsskapur sóknaraðilja og varnaraðilja stóð frá í febrúar 1961. Vitnið kveður sóknaraðilja hafa skýrt sér frá því seinni part vetrar 1961, að hún væri ófrísk. Ekki minntist hún á það, hver væri faðirinn, en vitnið taldi ekki öðrum til að dreifa en varnaraðilja, þar sem þau voru alltaf meira og minna saman. Vitnið kveðst hafa margbeðið sóknaraðilja að hætta að vera með varnaraðilja vegna þess, hve ung hún væri, en það hafi engan árangur borið. Sóknaraðili minntist aldrei á það við vitnið, að hún væri heitbundin varnaraðilja.

Vitnið B lögregluþjónn hefur skýrt frá því, að sóknaraðili sé búin að vera ráðskona hjá sér frá því í september 1964 og hafi hún haft barn sitt með sér. Stuttu eftir að hún kom til vitnisins,

skýrði hún frá því, að varnaraðili, M, væri faðir barnsins. Vitnið kveðst hafa verið eitt sinn við lögreglustörf í samkomuhúsinu Þórskafti, skömmu eftir að sóknaraðili fór að starfa hjá því. Kom þá varnaraðili, sem vitnið kannast við, til þess og tók það tali. Spurði hann vitnið eitthvað á þessa leið, hvort sér litist ekki vel á strákin og hvort hann væri ekki líkur sér. Vitnið kveður varnaraðilja hafa átt við dreng sóknaraðilja, enda frétti það síðar, að hann hafi komið heim til þess sama dag og tekið drenginn með sér í ökuferð. Jafnframt heyrði vitnið, að varnaraðili hefði gefið drengnum einhver leikföng. Varnaraðili var talsvert ölvaður, er þetta gerðist, en þó ekki meira en það, að hann hafði fengið inngöngu í samkomuhúsið. Einhver bifreiðarstjóri var með varnaraðilja, en vitnið man ekki nafn hans.

Vitnið J, er býr í sama húsi og sóknaraðili, hefur skýrt frá því, að dag einn haustið 1964 hafi sóknaraðili skroppið að heiman og hafi drengur hennar, sem þá var 3 ára að aldri, verið hjá því á meðan. Á meðan sóknaraðili var á brott, varð vitnið vart við það, að barið var að dyrum hjá henni. Vitnið fór til dyra og hitti þar mann, er spurði eftir sóknaraðilja. Maðurinn var eitthvað með áfengisáhrifum. Í fylgd með manningnum var leigubifreiðarstjóri. Vitnið sagði manningnum, að sóknaraðili væri ekki heima. Drengur sóknaraðilja hafði farið með vitninu til dyra, og þegar maðurinn sá hann, sagði hann, að þetta væri sonur sinn. Spurði hann vitnið, hvort því fyndist hann ekki líkur sér. Maðurinn spurði einnig, hvort hann mætti ekki fá drenginn með sér. Vitnið vildi fyrst ekki fallast á þetta, en lét þó að lokum til leiðast, og fór maðurinn á brott með drenginn í bifreið. Kom hann aftur um það bil 1 klukkustund og skilaði drengnum. Hafði maðurinn keypt handa honum leikföng og sælgæti. Maðurinn kvaðst hafa farið með drenginn heim til móður sinnar til að sýna hann. Ítrekaði maðurinn þá ummæli sín um, að hann ætti drenginn og hafði enn á orði og þá við tilvonandi tengdamóður vitnisins, að drengurinn væri líkur sér. Vitnið minnir, að sóknaraðili hafi ekki komið heim, fyrr en maðurinn var farinn á brott. Vitnið kveður unnusta sinn hafa verið heima í umrætt sinn. Kvaðst hann kannast við manninn og kallaði hann D.

Vitnið P leigubifreiðarstjóri hefur skýrt frá því, að það hafi verið að aka með varnaraðilja í bifreið sinni dag einn haustið 1964. Varnaraðili hafði verið við drykkju um nóttina og var enn með áfengisáhrifum. Varnaraðili hafði orð á því, að verið væri að kenna sér barn, en það gæti ekki staðizt, að hann ætti

það, þar sem kona sú, er hlut ætti að máli, hlyti þá að hafa gengið með í 1 ár. Vitnið kveðst hafa rætt málið við varnaraðilja. Stakk hann upp á því, að þeir skyldu fara í . . . , þar sem barnið væri, til að sjá það og gæti vitnið þá sannfærzt um, að það væri ekkert líkt honum. Var nú ekið að . . . , og fór varnaraðili þar úr bifreiðinni, en vitnið varð þar eftir að það minnir. Nokkru síðar kom varnaraðili aftur, og var þá lítill drengur með honum. Vitnið fór nú með varnaraðilja heim til móður hans, og fór hann þar inn með drenginn. Eftir nokkra stund kom hann aftur, og ók vitnið að . . . , þar sem drengurinn varð eftir. Vitnið kveðst ekki muna eftir því, að varnaraðili gæfi drengnum leikföng eða sælgæti. Vitnið kveður varnaraðilja hafa haft orð á því, að hann væri mest hissa á því, að verið væri að kenna honum barn, sem orðið væri 3 ára gamalt, en hann hefði aldrei heyrt neitt getið um áður.

Samkvæmt blóðflokkanannsóknum þeim, sem gerðar hafa verið, er ekki unnt að útiloka varnaraðilja frá faðerninu, en niðurstöður þeirra eru sem hér segir:

	Aðalfl.	Undirfl.	C	D	E	c	e
Sóknaraðili	O	MN	+	+	÷	÷	+
Barnið	O	N	+	+	÷	+	+
Varnaraðili	O	MN	÷	+	+	+	+
H	A ₁	MN	+	+	÷	÷	+

Barn sóknaraðilja var við fæðingu 4.250 gr. að þyngd og 59 cm að lengd.

Leitað var umsagnar borgarlæknis í Reykjavík um það, hvenær barnið geti verið komið undir. Segir svo í umsögn hans, dags. 20. apríl s.l.:

„Af þyngd barnsins og lengd við fæðingu, sbr. vottorð ljós-móðurinnar, dags. 5. þ. m., má ráða, að barnið hafi verið fullburða, er það fæddist.

Meðal meðgöngutími fullburða barns er talinn vera 271 dagur með 11 daga misvísun til eða frá. Samkvæmt því ættu mestu líkur að vera til, að umrætt barn sé getið á tímabilinu 1. til 23. janúar 1961.

Er höfð er hliðsjón af þroska barnsins við fæðingu, getur það samkvæmt dreifingartöflu dr. Lindner's, Málmey, yfir þyngd og lengd nýfæddra barna, verið komið undir einhvern tíma á tímabilinu 15. nóv. 1960 til 13. febr. 1961. Samkvæmt sömu töflum eru

831% líkur til, að barnið sé getið á tímabilinu 13. des. 1960 til 16. jan. 1961“.

Eins og nú hefur verið rakið, hefur varnaraðili neitað að hafa haft samfarir við sóknaraðilja á getnaðartíma barns hennar. Hafa því ekki fengizt lögfullar sannanir fyrir samförum þeirra á þessu tímabili, svo að málsúrslit verða að velta á eiði, sbr. 213. gr. laga nr. 85/1936. Með hliðsjón af framburði vitnanna, sem leidd hafa verið í máli þessu, verður að telja málstað sóknaraðilja líklegri, og ber því í samræmi við nefnda lagagrein að láta málsúrslit velta á fyllingareiði hennar, þannig að vinni hún eið að því innan 2 mánaða frá birtingu dóms þessa á lögmætu varnarþingi sínu, að hún hafi á tímabilinu frá 15. nóvember 1960 til 13. febrúar 1961 að báðum dögum meðtöldum haft holdlegar samfarir við varnaraðilja, skuli hann teljast faðir sveinbarns þess, er hún ól hinn 11. október 1961 og skirt var X, enda greiði hann þá með því meðlag frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs svo og fæðingarstyrk til sóknaraðilja og tryggingariðgjöld hennar fyrir árið 1961, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði. Ef sóknaraðili vinnur eiðinn, skal varnaraðili greiða allan málskostnað.

Úr ríkissjóði hafa þegar verið greiddar vegna máls þessa kr. 1.975.00. Enn fremur verður greidd úr ríkissjóði þóknun skipaðs talsmanns sóknaraðilja, Inga Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00. Ber samkvæmt þessu að dæma varnaraðilja til að greiða 6.975.00 kr. í málskostnað, er renni til ríkissjóðs. Verði sóknaraðilja eiðfall, á varnaraðili að vera sýkn af kröfum hennar í málinu, en málskostnaður skal falla niður.

Dómsorð:

Vinni sóknaraðili, K, innan tveggja mánaða frá birtingu dóms þessa á lögmætu varnarþingi sínu eið að því, að hún hafi á tímabilinu frá 15. nóvember 1960 til 13. febrúar 1961 að báðum dögum meðtöldum haft holdlegar samfarir við varnaraðilja, M, skal hann teljast faðir sveinbarns þess, er sóknaraðili ól hinn 11. október 1961 og skirt var X, og greiða meðlag með því frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs þess, fæðingarstyrk til sóknaraðilja og tryggingariðgjöld hennar fyrir 1961, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði.

Þá greiði varnaraðili málskostnað, kr. 6.975.00, er renni til ríkissjóðs, og er þar innifalin þóknun talsmanns sóknaraðilja, Inga Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Verði sóknaraðilja eiðfall, skal varnaraðili vera sýkn af kröfum hennar og falli málskostnaður niður.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum“.

Dómi þessum áfrýjaði M til Hæstaréttar með stefnu, dags. 24. marz 1966, en K gagnáfrýjaði daginn eftir.

Meðan málið var til meðferðar fyrir Hæstarétti, var aflað í því nokkurra nýrra gagna, og vitnið S kom fyrir dóm og eiðfesti vætti sitt. Við framhaldspröfun þessa hinn 20. febrúar 1967 var m. a. þetta bókað:

„Talsmaður M kveðst nú óska eftir því f. h. umbj. síns, að blóðrannsókn fari fram enn einu sinni og þá hjá annarri stofnun en Rannsóknarstofu Háskólans. Verði þá tekið blóðsýnishorn til rannsóknar úr aðiljum máls þessa, barni K og H og þá leitast við að rannsaka aðra erfðaeiginleika en þá, sem blóðflokkarannsókn gefur til kynna. Aðspurður um það, hvaða erfðaeiginleika lögmaðurinn eigi við, lýsir hann því yfir, að hann sé ekki sérfræðingur á því sviði, en lætur þess getið, að athugun á litningum (kromosomum) gæti komið til greina.

Lögmaður K óskar bókað, að hann mótmæli öllum kröfum talsmanns M, þeim sem að framan greinir, og bendir á, að þegar hafi farið fram ítrekuð rannsókn á blóði aðilja og sé frekari rannsókn því ástæðulaus“.

Hinn 24. apríl 1967 reit lögmaður M Hæstarétti bréf, sem hljóðar svo:

„Með vísan til bókonar á bæjarþingi Reykjavíkur 20. febrúar 1967, sbr. og bls. 2 í viðbótarágripi málsins, leyfi ég mér hér með að óska þess, að fram fari sérstök blóðrannsókn í sambandi við mál þetta, enda verði þá gætt þeirra atriða allra, er þar greinir.

Ekki virðast efni til þess að flytja málið, fyrr en hin umbeðna blóðrannsókn — með hliðsjón af öllum erfðaeiginleikum — liggur fyrir“.

Hinn 19. maí 1967 ritaði sami lögmaður lögmanni K svohljóðandi bréf:

„Jafnframt því að senda yður, herra hæstaréttarlögmaður, afrit af bréfi mínu til Hæstaréttar, dags. 24. apríl s.l., varðandi hæstaréttarmálið nr. 42/1966 vil ég hér með staðfesta, að herra Gaukur Jörundsson, settur hæstaréttarritari, hefur í gær munnlega tjáð mér, að hin umbeðna og sérstaka blóðrannsókn fari fram, áður

en málið er tekið endanlega til munnlegs flutnings og dómsálagningar. Umbj. m., M, hefur fallizt á þetta fyrir sitt leyti, og leyfi ég mér að vonast til, að umj. yðar, K, fallist á þetta vegna sjálfrar sín og sonar síns, X, f. 11. október 1961.

Þess er að sjálfsögðu væntzt, að H flugmaður gangist undir blóðrannsókn ásamt núverandi aðiljum málsins.

Hæstiréttur virðist ætlast til, að þessi sérstaka rannsókn verði framkvæmd hér á landi sem allra fyrst og þá væntanlega hjá Blóðbankanum við Barónsstíg í Reykjavík.

Samkvæmt tilmælum Hæstaréttar óskast rannsókninni hraðað“.

Þessu bréfi svaraði lögmaður konunnar með bréfi til Hæstaréttar, dags. 22. maí 1967, svohljóðandi:

„Í tilefni af bréfi hrl. Þorvalds Þórarinssonar til mín, dags. 19. þ. m., leyfi ég mér að tjá virðulegum Hæstarétti, að umbj. m., K, er andvíg þeirri kröfu um frekari blóðrannsókn, sem krafizt er af hálfu umboðsmanns aðaláfrýjanda.

Leyfi ég mér í þessu sambandi að vísa til bókonar minnar í viðbótarágripi, bls. 2.

Jafnframt er þess eindregið óskað, að máli þessu verði hraðað svo sem föng eru á“.

Hinn 10. júní 1967 ritaði lögmaður M Ólafi Jenssyni lækni bréf, er hljóðar svo:

„Hér með leyfi ég mér að óska þess, herra sérfræðingur, að þér látið mér í té stutta umsögn til afnota í *hæstaréttarmálinu nr. 42/1966: M gegn K og gagnsök* varðandi möguleika og nauðsyn ýtarlegri og fyllri rannsóknar á erfðaeiginleikum en þeim, er fram koma við venjulegar blóðflokkarannsóknir í barnsfaðernismálum hér á landi, þ. e. A-B-O, Rh, o. s. frv.

Málið verður flutt í Hæstarétti mánudaginn 12. þ. m., og bið ég yður því að afsaka þennan litla frest til svara“.

Þessu bréfi svaraði Ólafur Jensson læknir með bréfi, dags. 11. júní 1967, er hljóðar svo:

„Mér hefur borizt bréf yðar, dags. 10. þ. m., og vil ég út af efni þess taka fram eftirfarandi:

Af þeim rannsóknum, sem fyrir liggja í hæstaréttarmálinu — og ekki hafa leitt til niðurstöðu, að því er aðiljana varðar —, vildi ég mega benda á, að fleiri erfðaeiginleikum er hægt að prófa fyrir, bæði fleiri blóðflokakerfum og vissum lífefnafræðilegum erfðaeiginleikum (svo sem haptoglebinum).

Einnig er athugandi að gera fingrafararannsóknir með aðstoð einhverrar viðurkenndrar, erlendrar erfðafræðistofnunar.

Rannsóknir þær, sem hér er sérstaklega að vikið, er eigi unnt að framkvæma hér á landi nema sumar hverjar“.

Málið var síðan flutt og dæmt í Hæstarétti, án þess að frekari rannsóknir færu fram á erfðaeiginleikum málsaðilja. Var dómur í málinu upp kveðinn í Hæstarétti hinn 16. júní 1967, svo sem fyrr getur. Í dóminum segir m. a. á þessa leið:

„Svo sem í héraðsdómi greinir, ól gagnáfrýjandi hinn 11. október 1961 sveinbarn. Var það skírt hinn 18. marz 1962 og hlaut nafnið X. Föður að barninu lýsti gagnáfrýjandi H, sem hún kvaðst hafa haft samfarir við seint í desember 1960 að afstöðnum dansleik. Var að beiðni gagnáfrýjanda hafin rannsókn á hendur H, með því að hann neitaði að tjá sig um málið, fyrr en blóðrannsókn hefði farið fram. Við blóðrannsókn reyndist loku skotið fyrir faðerni H að barninu. Blóðrannsóknin var endurtekin, og var niðurstaðan óbreytt. Að svo komnu máli lýsti gagnáfrýjandi fyrir dómi 8. janúar 1965 aðaláfrýjanda máls þessa, M, föður barnsins. Kveður gagnáfrýjandi sig hafa „kynnt“ aðaláfrýjanda „í lok október eða nóvember 1959“. Hafi „þau frá þeim tíma haft iðulega samfarir, unz upp úr kunningsskap þeirra slitnaði í apríl 1961“, en þá hafi hún verið orðin þunguð af hans völdum. Aðaláfrýjandi viðurkennir, að aðiljar hafi kynnt í október eða nóvember 1959 og þau haft samfarir öðru hverju. Hann telur, að slitnað hafi upp úr kunningsskap sínum við gagnáfrýjanda „í síðasta lagi í október 1960 og hafi þau ekki haft samfarir eftir það“. Vitnið S, sem gagnáfrýjandi dvaldist hjá veturinn 1960—1961, kveður aðaláfrýjanda hafa komið iðulega á næturþeli og heimsótt gagnáfrýjanda. Segist vitni þetta hafa séð aðaláfrýjanda í tvö skipti, þegar hann kom í næturheimsóknir sínar. „Var það örugglega í janúar 1961 í annað skiptið og jafnvel bæði“. Kveðst vitnið þess fullvisst, að kunningsskapur aðilja hafi staðið fram í febrúar 1961. Eigi kveðst vitnið hafa veitt því eftirtekt, að aðrir karlmenn en aðaláfrýjandi væru í týgjum við gagnáfrýjanda. Vitni þetta hefur staðfest vætti sitt með eiði. Blóðrannsókn útilokaði aðaláfrýjanda eigi.

Aðiljar máls þessa eru sammála um, að þau hafi verið í þingum og komið saman að líkamslostu frá því síðla árs 1959 og fram í október 1960. Aðaláfrýjandi telur þau hafa þá skilið að skiptum, en gagnáfrýjandi heldur því fram, að líkamsmök þeirra hafi haldizt fram í apríl 1961. Kynferðismök þeirra um eins árs tíma og svo framburður S veitir nokkrar líkur fyrir því, að kynferðismök þeirra hafi haldizt lengur en aðaláfrýjandi vill vera láta.

Málsstaður gagnáfrýjanda veikist hins vegar mjög við það, að hún lýsti annan mann föður að barninu, lét það að nokkru heita í höfuð þess manns, gerði reka að því að höfða faðernisrannsókn á hendur honum og nefndi aðaláfrýjanda eigi til sögu, fyrr en hinn maðurinn hafði verið lýstur úr leik með blóðrannsókn. Þá hefur eigi farið fram erfðarannsókn og mannfræðis á aðiljum og barninu. Þegar litið er til hinna löngu kynlífskynna aðilja og að öðru leyti með tilvísun til forsendna héraðsdóms, þykir rétt að láta úrslit málsins velta á fyllingareiði gagnáfrýjanda. Þegar það er virt, að gagnáfrýjandi hefur viðurkennt að hafa haft samfarir við aðaláfrýjanda og H á mögulegum getnaðartíma barnsins, þykir rétt að láta eiðstafinn taka til þess, að gagnáfrýjandi hafi aðeins haft samfarir við þessa tvo menn á greindum tíma. Samkvæmt framangreindu verða málsúrslit þau, að vinni gagnáfrýjandi á löglegu varnarþingi eið að því innan tveggja mánaða frá birtingu dóms þessa, að hún hafi á tímabilinu frá og með 15. nóvember 1960 til og með 13. febrúar 1961 einungis haft holdlegar samfarir við aðaláfrýjanda og H, skal telja aðaláfrýjanda föður að barni gagnáfrýjanda, X, fæddum 11. okt. 1961. Þá greiði aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda fæðingarstyrk, barnsfararkostnað, almennt tryggingariðgjald fyrir árið 1961 og meðlag með barninu frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs þess, allt eftir yfirvaldsúrskurði.

Ef gagnáfrýjandi vinnur eiðinn, staðfestast málskostnaðar-ákvæði héraðsdóms og aðaláfrýjandi greiði málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00, er renni í ríkissjóð.

Ef gagnáfrýjanda verður eiðfall, skal aðaláfrýjandi vera sýkn af kröfum hennar og málskostaður í héraði og fyrir Hæstarétti falla niður.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Ef gagnáfrýjandi, K, vinnur eið að því á löglegu varnarþingi innan tveggja mánaða frá birtingu dóms þessa, að hún hafi á tímabilinu frá og með 15. nóvember 1960 til og með 13. febrúar 1961 einungis haft holdlegar samfarir við aðaláfrýjanda, M, og H, skal telja aðaláfrýjanda föður að barni gagnáfrýjanda, X, fæddu 11. október 1961. Þá skal og aðaláfrýjandi greiða gagnáfrýjanda fæðingarstyrk, barnsfararkostnað, almennt tryggingariðgjald fyrir árið 1961 og meðlag með barninu, X, frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs, allt eftir yfirvaldsúrskurði.

Vinni gagnáfrýjandi eiðinn, skulu vera óröskuð málskostnaðar-ákvæði héraðsdóms og aðaláfrýjandi greiði málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00, er renni í ríkissjóð.

Verði gagnáfrýjanda eiðfall, skal aðaláfrýjandi vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, en málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli þá niður.

Málflutningslaun talsmanns gagnáfrýjanda, Inga Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum“.

Dómur þessi var birtur M hinn 9. september 1967 og eiðstefna samkvæmt honum hinn 18. september 1967 til fyrirtöku á bæjarþingi Reykjavíkur 2. október 1967 kl. 1600. Á dómþingi þessu mætti K og með henni lögmaður hennar. Enn fremur var mættur M ásamt lögmanni sínum. K tjáði sig reiðubúna til að vinna fyllingareið í samræmi við nefndan dóm Hæstaréttar frá 16. júní 1967. Stefndi, M, lýsti því þá yfir, að hann hefði hug á að kanna, hvort efni væru til að áfrýja máli þessu til Mannréttindadómstóls Evrópuráðsins og óskaði eftir hæfilegum fresti í því sambandi samkvæmt ákvörðun dómsins, enda færi hugsanleg eiðvinning ekki fram, fyrr en endanleg niðurstaða lægi fyrir. Jafnframt krafðist eiðstefndi málskostnaðar úr hendi eiðstefnanda í þessum þætti málsins og vegna síðari aðgerða í því og áskildi sér að öðru leyti allan rétt í málinu. Eiðstefnandi mótmælti hins vegar öllum fresti og krafðist þess, að eiðvinningin færi þegar fram í samræmi við dóm Hæstaréttar og taldi heimildarlaust að veita frestinn.

Samkvæmt ákvörðun dómara var málinu frestað til 21. október 1967. Á dómþingi þann dag var málinu frestað enn til 26. s. m., og skyldu aðiljar þá leggja fram greinargerðir og síðan flytja málið munnlega. Var það gert þann dag, svo sem getur í upphafi þessa úrskurðar.

Í greinargerð sinni setur eiðstefndi, M, fram þær kröfur, að eiðvinningin verði eigi látin fram fara svo og að honum verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi eiðstefnanda.

Kröfur sínar um höfnun (eða frestun) eiðvinningar í máli þessu kveðst eiðstefndi reisa á því, að Hæstiréttur Íslands hafi brugðizt skyldu sinni í sambandi við meðferð þessa máls og dómsuppsögu og beinlínis komið í veg fyrir, að málið fengist rannsakað til hlítar af þar til hæfum stofnunum, innanlands eða

utan. Þess vegna sé honum nauðsynlegt að reka réttar síns á öðrum vettvangi.

Kveðst eiðstefndi þá einkum hafa í huga að leita til þeirra stofnana, er um ræðir í sáttmála um verndun mannréttinda og mannfrelsis, dags. í Rómaborg 4. nóvember 1950, og viðbótarbókun við sáttmálann, dags. í París 20. marz 1952, þ. e. a. s. Mannréttindanefndar Evrópu og/eða Mannréttindadómstóls Evrópu, sbr. 1. og 2. tölulið 19. greinar sáttmálans. Með vísun til bókunar sinnar á bæjarþinginu 2. október 1967, er hafi verið dálítið ónákvæm, en efnislega rétt, kveðst stefndi hafa í hyggju að kæra málið til Mannréttindanefndar Evrópu samkvæmt 25. gr. sáttmálans.

Til stuðnings kröfugerð sinni vitnar eiðstefndi sérstaklega til bréfa þeirra, sem umboðsmaður hans hafi ritað Hæstarétti og Ólafi Jenssyni lækni, og svarbréfs Ólafs Jenssonar, en þar er farið fram á endurtekna erfðaeiginleikapröfun á málsaðiljum. Í bréfi nefnds læknis sé það berum orðum fram tekið, að „fleiri erfðaeiginleikum er hægt að prófa fyrir“. Enn fremur segi í þessu bréfi, að eigi sé unnt að framkvæma þær rannsóknir, sem að er vikið, á Íslandi nema sumar hverjar. Þrátt fyrir beint loforð Hæstaréttar um, að sérstök blóðrannsókn skuli fram fara, áður en dómur gengi þar, sbr. bréfið, dags. 19. maí 1967, sem vitnað er til hér að framan, hafi sú rannsókn ekki farið fram vegna andstöðu eiðstefnanda, sbr. bréf umboðsmanns hennar til Hæstaréttar, dags. 22. maí 1967.

Eiðstefndi kveður sér hafa komið á óvart þessi niðurstaða Hæstaréttar, þar sem rétturinn hefði oftast en einu sinni leyft, að fram færi ný blóðrannsókn, þar á meðal erlendis, sbr. Hrd. XXV, 1954, bls. 670—677, og ákvörðun um sams konar rannsókn hér innanlands, sbr. t. d. Hrd. XXXV, 1964, bls. 356—362 og bls. 545—554.

Eiðstefnandi hefur í greinargerð sinni gert þær dómkröfur, að hafnað verði kröfum eiðstefnda um frestun eiðvinningar og henni verði dæmdur ríflegur málskostnaður úr hendi eiðstefnda.

Eiðstefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að í lögum um meðferð einkamála í héraði séu ströng ákvæði um frestun eiðvinningar. Samkvæmt 165. gr.—170. gr. nefndra laga þurfi til að koma áfrýjun til æðri réttar eða yfirlýsingu um áfrýjun bókun í þingbók. Ekkert slíkt liggi fyrir í þessu máli af hálfu eiðstefnda. En þótt slík yfirlýsing lægi fyrir, telur eiðstefnandi, að það mundi engu máli skipta, þar sem Mannréttindadómstóllinn sé eigi viður-

kenndur að íslenskum lögum sem neitt þriðja dómstig eða Yfir-Hæstiréttur, enda muni hann ekki hafa lagagildi hér á landi.

Eiðstefnandi mótmælir því eindregið, að mál það, sem hér er um fjallað, falli innan vettvangs Mannréttindadómstólsins. Jafnvel þótt svo yrði litið á, getur hún ekki betur séð en það sé fjarri lagi, að ráðagerð um málskot til dómstólsins eigi að fresta dómsathöfn, sem íslenskur dómstóll er að lögum skyldur til að láta fram fara, þegar aðili hefur fullnægt öllum forms- og efnisskil-yrðum laga þar að lútandi, svo sem hér er gert.

Í 59. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33 frá 17. júní 1944 segir: „Skipun dómssvaldsins verður eigi ákveðin nema með lögum“. Hvorki Evrópuráðssamningurinn um verndun mannréttinda og mannfrelsis nr. 11 frá 9. febrúar 1954 né heldur auglýsing um viðurkenningu Íslands á lögsögu Mannréttindadómstóls Evrópu nr. 58 frá 11. september 1958 hafa verið lögtekin hér á landi, sbr. I. bindi Samnings Íslands við erlend ríki, útg. af utanríkisráðuneyti Íslands, Reykjavík 1963, bls. 559—580, incl., svo og Lagasafn 1965, bls. 137—150, incl.

Þar sem sáttmálinn um verndun mannréttinda og mannfrelsis, dags. í Rómaborg 4. nóvember 1950, og viðbótarbókun við sáttmálann, dags. í París 20. marz 1952, hefur eigi lagagildi hér á landi, verður hann eigi talinn geta bundið aðilja í einkamáli, þó svo að hann sé bindandi fyrir íslenska ríkið samkvæmt þjóðarétti.

Verður því að hafna kröfu eiðstefnda um frestun á eiðvinningu eiðstefnanda og heimila henni að vinna fyllingareið í samræmi við fyrrgreindan dóm Hæstaréttar frá 16. júní 1967.

Samkvæmt þessum málalokum verður eiðstefnda gert að greiða eiðstefnanda málskostnað. Þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 2.500.00.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Framangreindri frestbeiðni eiðstefnda, M, er hafnað. Eiðstefnanda, K, er heimilt að vinna fyllingareið í samræmi við fyrrgreindan dóm Hæstaréttar frá 16. júní 1967.

Eiðstefndi greiði eiðstefnanda kr. 2.500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.